



Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Borgarstjóri

Reykjavík, 25. nóvember 2024

FAS22010018

TILLAGA

Tillaga að nýju leikskólalíkani, Snorra

Lagðar er fram eftirfarandi tillögur til samþykktar í borgarráði um fjármál og rekstur leikskóla á skóla- og frístundasviði:

- Lagt er fram til samþykktar líkan til úthlutunar á fjárheimildum til leikskóla Reykjavíkurborgar, Leikskólalíkanið Snorri, sbr. kynning í borgarráði dags. 14. nóvember 2024 og skóla- og frístundaráði 20. nóvember 2024.
- Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2025 hækki um 1.737 m.kr. sem felur í sér fulla fjármögnun á áætluðum rekstri borgarrekinnna leikskóla Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025 skv. líkaninu og forsendum þess.
- Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 432 m.kr. sem felur í sér afleidd áhrif á sjálfstætt rekna leikskóla.
- Lagt til að reynslutímabil líkansins verði til tveggja ára eða rekstrartímabilið 1. jan. 2025 – 31. des. 2026. Áhersla verði lögð að leikskólar Reykjavíkur sem fá úthlutað fjármagn með hliðsjón af forsendum reiknilíkansins hagi rekstri innan fjárheimilda og í jafnvægi á tímabilinu. Á reynslutímabilinu verði markvisst unnið að því að fínstilla forsendur líkansins með áherslu á skilvirka nýtingu mannaúðs og fjármagns, mælingar, ferla- og árangursstjórnun. Þá er rík áhersla lögð á að virkan stuðning við stjórnendur um skipulag rekstrar í samræmi við forsendur rekstrarlíkansins og eftirlit með framgangi í samræmi við *Reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg (FMS-STE-001)*.

Greinargerð:

Undirbúningur að útfærslu á nýju úthlutunarlíkani á fjárheimildum hófst snemma á árinu 2022 með það að markmiði að útfæra tillögu að meðhöndlun og stýringu fjárheimilda fyrir leikskóla Reykjavíkurborgar. Einnig að útfæra og taka í notkun nýtt reiknilíkan sem tæki mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030, þar sem áherslan er „að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika“, auk þess að tryggja jafnræði á milli skóla og hverfa, þar sem tekið væri tillit til mismunandi lýðfræðilegra þarfa og/eða mismunandi aðstæðna. Reiknilíkanið tæki mið af lögum um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá þeirra. Þá hefur markmiðið verið að útfæra reiknilíkan með vel skilgreindum og skýrum forsendum sem eru rekjanlegar og gagnsæjar, og ná fram líkani sem auðvelt væri að nýta til stýringar á



Reykjavík



fjármagni í gegnum fjárhagsáætlunar- og uppgjörferli. Við útfærslu yrði lögð áhersla á árangursstjórnun og skipulegar mælingar.

Eitt meginmarkmiðið með innleiðingu nýs líkans til úthlutunar fjárheimilda til leikskóla og tillögu um umtalsvert viðbótarfjármagn til rekstrar sbr. tillögu nr. 2 er að stjórnendur skipuleggi rekstur skólans í samræmi við forsendur líkansins og innan fjárheimilda. Í ljósi þess að rekstur leikskóla Reykjavíkurborgar hefur á umliðnum árum verið í halla er ítrekað mikilvægi þess að farið sé að *Reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar (FMS-STE-001)* er varðar fjármálastjórn, reglubundið eftirlit og viðbrögð við frávikum stofnana frá úthlutuðum fjárheimildum. Nýtt líkan skal vera virkt stjórnæki fyrir stjórnendur leikskóla, fyrir miðlæga fjármálaþjónustu skóla- og frístundasviðs og fyrir fjármála- og áhættustýringarsvið sem fer með eftirlit með að rekstur sé innan fjárheimilda í umboði borgarstjóra og borgarráðs.

Vísað er með nánari hætti til kynningar og gagna frá fundi borgarráðs þann 14. nóvember sl. er varðar Snorra, nýtt rekstrar- og úthlutunarlíkan fyrir leikskóla.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Afgreiðsla skóla- og frístundaráðs ásamt bókunum, dags. 25. nóvember 2024

Skilabréf starfshóps um leikskólalíkan með fylgigögnum, dags. 25. nóvember 2024

Kynning á leikskólalíkaninu Snorra fyrir borgarráð, dags. 14. nóvember 2024



Reykjavík



Reykjavík, 26. nóvember 2024
SFS24110082

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Leikskólalíkaníð Snorri

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. nóvember 2024 fór fram kynning og umræða um leikskólalíkaníð Snorra, nýtt reiknilíkan fyrir leikskóla.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Nýtt leikskólalíkan er afrakstur mikillar og góðrar vinnu starfsfólks borgarinnar og stór áfangi í því að bæta fjármálastjórn og gegnsæi í rekstrinum. Með líkaninu eykst til muna yfirsýn og fyrirsjáanleiki og auðveldar þannig stjórnendum leikskólanna að sinna sínu hlutverki. Rekstrarlíkaníð er enn annar liður í vegferð núverandi meirihluta að tryggja hagkvæman og góðan rekstur í skólastarfinu í Reykjavík.

Áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra í skóla- og frístundaráði lagði fram svohljóðandi bókun:

Leikskólastjórar Reykjavíkurborgar fagna því að loksins sé líkaníð Snorri að komast í notkun. En við fögnum því að meira fjármagn hafi verið sett inn í rekstur leikskóla og teljum það hafa verið löngu tímabært að laga fjárframlag til leikskólans en hvort þetta fjármagn sé nóg verður tíminn að leiða í ljós. Við fögnum því að fara út úr niðurskurðarfasa sem virðist hafa verið við líði síðustu ár í fjárhagslíkani sem ekki var í raun fjármagnað að fullu, það er ekki hægt að skera niður í fjárlíkönum sem voru vanfjármögnuð í upphafi. Það eru margir jákvæðir þættir innan líkansins eins og aukning á stöðuhlutfalli aðstoðarleikskólastjóra og fjármagn vegna fæðis starfsmanna sem er jú inni í samningum þeirra en hefur ekki verið fjármagnað í líkaninu.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík



Reykjavík, 25. nóvember 2024

FAS24110039

Borgarráð,

**Efni: Skilabréf starfshóps um meðhöndlun fjárheimilda fyrir leikskóla –
Leikskólalíkanið Snorri**

Undirbúningur að útfærslu á nýju úthlutunarlíkani á fjárheimildum fyrir leikskóla hófst snemma á árinu 2022. Skipaður var starfshópur um verkefnið sem fékk það hlutverk að rýna núverandi verklag og útfæra tillögu að meðhöndlun og stýringu fjárheimilda fyrir leikskóla Reykjavíkur. Var honum falið að leiða hönnun á nýju líkani, yfirfara og móta forsendur og nýjar úthlutunarreglur, innleiða breytingar og skjala með endurskoðun á verklagsreglum og leiðbeiningum. Starfshópurinn var skipaður sérfræðingum fjármála- og áhættustýringarsviðs (FAS) og skóla og frístundasviðs (SFS), en formaður hópsins var Erik Tryggvi S. Bjarnason, skrifstofustjóri áætlana- og hagnámsmála. Fjölmargir aðilar komu auk þess að vinnu hópsins til samstarfs og ráðgjafar eins og fram kemur í erindisbréfi, dags. 6. janúar 2022.

Eigendahópur verkefnisins hafði það hlutverk að afmarka verkefnið, styðja við það, og leggja línur eftir því sem verkefninu myndi vinda fram, en hann var skipaður sviðsstjórum FAS og SFS, ásamt fjármálastjóra SFS og skrifstofustjóra leikskólaskrifstofu. Ábyrgðarmaður verkefnisins er sviðsstjóri FAS.

Markmið verkefnisins var að útfæra tillögu að meðhöndlun og stýringu fjárheimilda fyrir leikskóla Reykjavíkurborgar. Í því fólst m.a. að útfæra og taka í notkun nýtt reiknilíkan sem tæki mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030, þar sem áherslan er „að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika“. Auk þess bæri að tryggja jafnræði á milli skóla og hverfa, þar sem tekið væri tillit til mismunandi lýðfræðilegra þarfa og/eða mismunandi aðstæðna. Reiknilíkanið tæki mið af lögum um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá þeirra. Þá hefur markmiðið verið að útfæra reiknilíkan með vel skilgreindum og skýrum forsendum sem eru rekjanlegar og gagnsæjar, og ná fram líkani sem auðvelt væri að nýta til stýringar á fjármagni í gegnum fjárhagsáætlunar- og uppgjörsferli. Við útfærslu yrði lögð áhersla á árangursstjórnun og skipulegar mælingar.

Eitt meginmarkmiðið með innleiðingu nýs líkans til úthlutunar fjárheimilda til leikskóla er að stjórnendur skipuleggi rekstur skóla í samræmi við forsendur líkansins og innan fjárheimilda. Í því felst mikilvægi þess að farið sé að *Reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar (FMS-STE-001)* er varðar fjármálastjórn, reglubundið eftirlit og viðbrögð við frávikum frá úthlutuðum fjárheimildum. Nýtt líkan skal vera virkt stjórnþæki fyrir stjórnendur leikskóla, fyrir miðlæga fjármálaþjónustu skóla- og frístundasviðs og fyrir fjármála- og áhættustýringarsvið sem fer með eftirlit með að rekstur sé innan fjárheimilda



Í umboði borgarstjóra og borgarráðs. Til að treysta þá umgjörð sem þarf fyrir rekstur líkansins hafa verið verið útfærðar *Reglur um rekstur Leikskólalíkansins Snorra FAS-STE-022* þar sem kveðið á um hlutverk, ábyrgð og verkaskiptingu milli FAS og SFS.

Hönnun líkansins fór að mestu fram vorið 2022 fram á vorið 2023. Vegna ytri aðstæðna hefur tafist að taka líkanið í notkun, en það hefur engu að síður verið haft til hliðsjónar við rekstur skólanna árið 2024. Gert er ráð fyrir að fyrirbyggjandi tillögur um nýtt fjármagn inn leikskólakerfið á árinu 2025 muni að fullu takast á við þá fjárförf sem til staðar er í skólunum og komið hefur fram sem halli í rekstri sl. ár. Með því að taka í notkun Leikskólalíkanið Snorra fá stjórnendur í hendur skilvirkt stjórnþæki þar sem gagnsæi verður um allar forsendur og breytur í rekstri.

Vísað er með nánari hætti til kynningar á líkaninu og annarra gagna sem hér eru lögð fram og varða Snorra nýtt rekstrar- og úthlutunarlíkan fyrir leikskóla í Reykjavík.

Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættust.sviðs
ábyrgðarmaður verkefnis

Helgi Grímsson,
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Erik Tryggvi S. Bjarnason,
skrifstofustjóri áætlana og hagnála

Frans Páll Sigurðsson,
fjármálastjóri skóla- og frístundasviðs

Ólafur Brynjar Bjarkason,
skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um meðhöndlun fjárheimilda fyrir leikskóla, dags. 6. janúar 2022

Kynning á Leikskólalíkaninu Snorra, dags. 14. nóvember 2024



Erindisbréf - Leikskólalíkan

Starfshópur um meðhöndlun fjárheimilda fyrir leikskóla

Inngangur

Fjárheimildum til leikskóla Reykjavíkur er árlega úthlutað á grundvelli reiknilíkans sem haldið er utanum miðlægt á fjármáladeild skóla- og frístundasviðs. Reiknilíkanið hefur verið í notkun hjá sviðinu lítið breytt um árábil og byggir einkum á barngildum í leikskólum, þ.e. uppreiknaðan fjölda barna eftir aldri þeirra, þar sem elstu börnin vege eitt barngildi en yngstu allt að tveimur barngildum, og tekur mönnun mið af því.

Starfsemi leikskóla hefur tekið umtalsverðum breytingum á síðasta áratug, þar sem áhersla hefur aukist á leikskóla sem fyrsta skólastigið, ásamt sérkennslu, stuðning og snemmtæka íhlutun með þarfir barnanna að leiðarljósi. Það er sameiginlegt mat stjórnenda skóla- og frístundasviðs og fjármála- og áhættustýringarsviðs að tímabært sé að taka úthlutunarlíkan fyrir leikskóla Reykjavíkurborgar til endurskoðunar og útfæra með nýjum og aðgengilegum hætti í fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar.

Við stýringu á fjárheimildum til stofnana þarf að huga að fjölmörgum forsendum, tryggja að þær endurspegli þarfir rekstrarins og séu rekjanlegar frá upphafi til enda. Mikilvægt er fyrir alla sem að undirbúningi og vinnslu fjárhagsáætlunar koma, að upplýsingar og forsendur sem notaðar eru í reikniverkinu séu aðgengilegar og gagnsæjar á öllum stigum til rýningar og greiningar. Þannig verði hægt að bæta ákvarðanatöku og forgangsröðun fjármuna.

Gert er ráð fyrir að nýtt líkan verði þróað í excel til að byrja með en fari inn „Business Books“ í Unit4 Business World fjárhagsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar. Gerðar eru kröfur um að líkanið verði þróað og útfært í samræmi við nútímakröfur og áherslur um gagnsæi, rafræna ferla og gott aðgengi að upplýsingum.

Lýsing á verkefninu

Tekið verið til rýningar aðferðafræði og reiknilíkan fyrir úthlutun á fjárheimildum fyrir leikskóla Reykjavíkurborgar. Verkefnið felur í sér heildstæða rýningu á úthlutun og meðhöndlun fjárheimilda til reksturs leikskóla, þ.e. almennrar kennslu og umönnunar, stuðnings, sérkennslu, stjórnunar, reksturs húsnæðis, mótuneytis, o.fl.

Skipaður verði starfhópur fyrir verkefnið sem fær það hlutverk að undirbúa og vinna að aðferðafræði og reiknilíkan fyrir úthlutun fjárheimilda til leikskóla og innleiða breytt verklag við undirbúning, vinnslu og framkvæmd fjárhagsáætlunar.

Jafnframt verði skipaður eigendahópur verkefnisins sem hefur það hlutverk að afmarka verkefnið, styðja við það og leggja línur eftir því sem verkefninu vindur fram.

Verkefni felur í sér eftirfarandi áfanga:

1. Útfærsla á tillögu að líkani fyrir að meðhöndlun og stýringu fjárheimilda fyrir leikskóla Reykjavíkur. Í því felst að setja fram hugmyndfræði um helstu forsendur og áherslur um hvaða aðferðafræði verði fylgt við úthlutun og stýringu fjárheimilda.
2. Þegar helstu áherslur liggja fyrir verði forsendur rýndar og ítraðar með hliðsjón af markmiðum verkefnisins.
3. Líkaninu fylgi hönnunarlýsing sem nýtt verði til framsetningar í áætlunarkerfi Reykjavíkurborgar, Business Books, Unit4 ERM.

Markmið verkefnisins

Útfæra og taka í notkun nýtt reiknilíkan til úthlutunar á fjárheimildum til leikskóla Reykjavíkurborgar sem tekur mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030, þar sem áherslan er „að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika“. Þá taki reiknilíkanið mið af lögum um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla. Við vinnslu verkefnisins skal hafa til hliðsjónar markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Markmiðið er að útfæra reiknilíkan með vel skilgreindum og skýrum forsendum sem eru rekjanlegar og gagnsæjar. Markmiðið er að ná fram líkani sem auðvelt verði að nýta til stýringar á fjármagni í gegnum fjárhagsáætlunar- og uppgjörsferli. Áhersla verði lögð á að tryggja jafnræði á milli leikskóla og hverfa, og í vinnunni á að móta tillögur um hvernig taka má tillit til mismunandi lýðfræðilegra þarfa og/eða mismunandi aðstæðna. Við útfærslu verði lögð áhersla á árangursstjórnun og skipulegar mælingar.

Hlutverk starfshóps

Hlutverk starfshópsins er að rýna núverandi verklag og útfæra tillögu að meðhöndlun og stýringu fjárheimilda fyrir leikskóla Reykjavíkur og leggja fyrir eigendahóp til yfirferðar og samþykktar. Þá er hópnum falið að leiða hönnun á nýjum líkönum, yfirfara úthlutunarreglur eftir því sem við á, innleiða breytingar og skjala með endurskoðun á gildandi verklagsreglum og leiðbeiningum.

Áhersla verði lögð á að leita ávallt bestu leiða við lausn verkefnisins með hagkvæmni og hagsmuni borgarinnar í huga.

Afmörkun

Rekstur borgarrekkinna leikskóla Reykjavíkurborgar. Í því felst úthlutun fjárheimilda heildstætt til reksturs leikskóla, svo sem til almennrar kennslu og umönnunar, stuðnings, sérkennslu, stjórnunar, reksturs húsnæðis, mötuneytis, o.fl.

Helstu verkefni

- Afmarka verkefnið með nánari hætti og áætla umfang þess
- Gera verkefnisáætlun; endurskoða og uppfæra eftir atvikum.
- Rýna núverandi verklag og nýtingu fjárheimilda í samanburði við úthlutað fjármagn.
- Taka sérstaklega til skoðunar áhrif í samræmi við áherslur kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

- Taka til skoðunar notkunar notkun á LOI eða sambærilegum stuðli til að taka tilliti til mismunandi lýðfræðilegra þarfa í einstökum leikskólum.
- Útfæra nýja tillögu að meðhöndlun og stýringu fjárheimilda fyrir leikskóla Reykjavíkur.
- Leggja fram tillögur fyrir eigendahóp til yfirferðar og samþykktar.
- Úfæra hönnunarlýsingu.
- Leiða hönnun á nýjum líkönum í UBW Business Books áætlunarkerfi Reykjavíkurborgar.
- Prófa ný kerfi.
- Yfirfara úthlutunarreglur til skóla sem taka mið af nýjum úthlutunarlíkönum.
- Kynna og innleiða ný úthlutunarlíkөн.
- Skjala uppsetningu.
- Endurskoða gildandi verklagsreglur og leiðbeiningar. Gefa út í rekstrarhandbók FAS og SFS.

Verkefni eigendahóps

Hlutverk eigendahóps er að leggja áherslur fyrir verkefnið, yfirfara tillögur um útfærslu og taka ákvarðanir um leiðir.

Eigendahópur

- Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs
- Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs
- Ólafur Brynjar Bjarkason, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu
- Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri skóla- og frístundasviðs

Ábyrgðarmaður f.h. eigendahóps:

- Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Starfshópur

- Erik Tryggvi S. Bjarnason, skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörsskrifstofu (formaður starfshóps)
- Auður Gréta Óskarsdóttir, verkefnisstjóri fjármálatæknistofu FAS
- Daði Geir Samúelsson, sérfræðingur áætlana- og uppgjörsskrifstofu FAS
- Helga Guðmundsdóttir, fjármálasérfræðingur SFS
- Helga Gunnarsdóttir, fjármálasérfræðingur SFS
- Pálína Pálmadóttir, fjármálaráðgjafi við leikskóla SFS
- Eyjólfur Ingi Eyjólfsson, sérfræðingur áhættustýringar FAS
- Kolbeinn Guðmundsson, sérfræðingur kjaraskrifstofu MOS

Samstarfsaðilar/ráðgjafar

- Samráð leikskólastjóra
- Haukur Þór Hauksson, fjármálasérfræðingur SFS
- Fjármálaráðgjafar leikskóla
- Fjóla Þorvaldsdóttir, verkefnastjóri (sérkennsla og stuðningur)
- Saga Stephensen, verkefnastjóri (börn af erlendum uppruna)
- Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu sviðsstjóra (LOI)


- Sigríður Finnbogadóttir, verkefnisstýra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar
- Starfshópur um innleiðingu Unit4 Planner og Business Books

Starfstími

Starfstími hópsins er 5. jan. 2022 til 31. des. 2022.

Gert er ráð fyrir að fyrsta og öðrum áfanga verið lokið þann 31. maí 2021. Þriðji áfangi verði unnin á tímabilinu júní – des. Yfirferð, ítrun og prófanir fari fram í nóvember og desember.

Reykjavík, 6. janúar 2021.



Helgi Grímsson,
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Afrit:

Borgarstjóri

Formaður borgarráðs

Borgarritari

Þátttakendur og ráðgjafar



Leikskólalíkanið Snorri

Kynning í borgarráði 14. nóvember 2024



Aðkoma

Eigendahópur

- Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri FAS
- Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS
- Ólafur Brynjar Bjarkason, skrifstofustjóri SFS
- Frans Páll Sigurðsson, fjármálastjóri SFS




Starfshópur

- Bryndís Sverrisdóttir, sérfræðingur SFS
- Helga Gunnarsdóttir, sérfræðingur SFS
- Pálína Pálmadóttir, fjármálaráðgjafi SFS
- Auður Gréta Óskarsdóttir, verkefnastjóri FAS
- Erik Tryggvi S. Bjarnason, skrifstofustjóri FAS
- Daði Geir Samúelsson, sérfræðingur FAS
- Eyjólfur Ingi Eyjólfsson, sérfræðingur FAS
- Kolbeinn Guðmundson, sérfræðingur MOS
- Valborg Hlín Guðlaugsdóttir, fagstjóri leikskóla í N.



Markmið

- Útfæra og taka í notkun nýtt reiknilíkan til úthlutunar á fjárheimildum til borgarrekinnna leikskóla.
- Að auðvelt verði að nýta líkanið til stýringar á fjármagni í gegnum fjárhagsáætlunar-, rekstrar og uppgjörssferli og stuðla að markvissari fjármálastjórn leikskóla.
- Að forsendur líkansins séu vel skilgreindar, skýrar, rekjanlegar og gagnsæjar.



Markmiðið að ná fram bestun á líkaninu bæði rekstrarlega og faglega og tryggja að starf leikskóla sé samkvæmt fjárheimildum.



Áherslur

- Reiknilíkanið tekur mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030, lögum um leikskóla nr. 90/2008, aðalnámskrá og sérstökum ákvörðunum borgarinnar t.d. varðandi barngildi.
- Að tryggja jafnræði milli skóla og hverfa.
- Áhersla lögð á að leita ávallt bestu leiða við lausn verkefnisins með hagkvæmni og hagsmuni borgarinnar í huga.
- Við vinnslu verkefnisins eru höfð til hliðsjónar markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborgar.





Uppbygging líkansins



Markmiðið er að reikna fjárhagslega þörf leikskólanna



Í líkaninu er stjórnborð þar sem gert er grein fyrir öllum forsendum



Líkanið reiknar stöðugildi út frá barngildum sem eru umreiknuð í fjárhæðir



Almenni rekstrarkostnaðurinn byggir á rauntölum fyrri ára



Auðveldar borgaryfirvöldum og stjórnendum skóla að taka upplýsta ákvörðun



Auðveldar það að bera saman mismunandi sviðsmyndir



Hluti potta sem áður stóðu utan líkans eru nú orðnir að forsendum



Helstu nýjungar með nýju líkani

- Sérkennslupottinum, sem áður samanstóð af tveimur flokkum, var skipt upp og það sem tilheyrði D010 er úthlutað til leikskóla í hlutfalli af barnafjölda (5% af barnafjölda). **Í dag er þetta nefnt snemmtæk íhlutun.**
- Börn með forgreiningu fengu úthlutun úr D011, tímar pr barn (**sérkennsla**).
- Fjármagn sem var í potti vegna **barna af erlendum uppruna** er fært út til leikskóla. Var áður í óverðbættum potti sem ekki uppfærðist m.v. launaþróun
- **Langtímaveikindapottur** reiknast eins og áður á öll stöðugildi á leikskólanum en við bætast þau stöðugildi sem bætt er inn í áætlun vegna snemmtækrar íhlutunar og barna af erlendum uppruna. Fjárhæð reiknast miðað við stuðulinn 3,78%.





Helstu nýjungar með nýju líkani frh.


- Ný nálgun (hagkvæmnilína) til að meta rekstrarkostnað og tenging við vísitölu.
- Hráefniskostnaður áætlaður með hliðsjón að kostnaði við aðkeypt fæði
- Í Hráefniskostnaði er gert ráð fyrir fæðiskostnaði starfsmanna
- Stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra hækkað í samræmi við skýrslu um bætt starfsumhverfi stjórnenda





Grunnúthlutun stöðugilda

- Grunnúthlutun stöðugilda er reiknuð út frá barngildum eins og verið hefur.
- Grunnúthlutun endurspeglar mönnun á deild þ.e. almenna starfsmenn og deildarstjóra.
- Barnafjöldi miðast við innritaðan barnafjölda hverju sinni.





Stjórnun

- Gert er ráð fyrir einum leikskólastjóra á alla leikskóla nema á samreknnum leik- og grunnskólum og frístundaheimilum. Í þeim leikskólum reiknast leikskólastjóri í áætlun grunnskóla (skólastjóri) en leikskólinn fær auka stöðugildi aðstoðarleikskólastjóra.
- Stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra hækkað í samræmi við skýrslu um bætt starfsumhverfi stjórnenda og markvissari móttöku nýliða í starfi. Gert er ráð fyrir að kennsluhlutfall aðstoðarleikskólastjóra komi á móti afleysingapörf.
- Leikskólar sem eru samreknir eða í 2 eða 3 húsum fá viðbótarstjórnun fyrir hvert hús
 - Fyrir samrekna eru 0,2 stöðugildi
 - Fyrir 2 hús eru 0,25 stöðugildi
 - Fyrir 3 hús eru 0,5 stöðugildi
- Allir leikskólar fá úthlutað stöðugildi fyrir sérkennslustjóra og tekur það hlutfall mið af barnafjölda í hverjum leikskóla. 100 barna leikskóli fær úthlutað 0,75 stg.



Afleysing

- Afleysing v. undirbúningstíma miðast við þann undirbúning sem hvert starfsheiti á samkvæmt kjarasamningum.
- Afleysing v. skammtímaveikinda reiknast miðað við stuðulinn 5,5%.
- Afleysing v. orlofs umfram sumarleyfi eru 7 dagar.





Launakostnaður

Ákveðið var að reikna meðallaun hvers starfsheitis í hverjum skóla fyrir sig

- Ekki talin hætta á að skólar lokist inni með lægra launað starfsfólk.
- Tekið er tillit til starfsheita við útreikning á undirbúningstímum.
- Nú reiknast undirbúningstímar á sérkennslustarfsmenn skv. kjarasamningum.
- Endurreiknuð árlega, alltaf nýjustu upplýsingar.





Rekstrarkostnaður

- Til að meta raunþörf í rekstrarkostnað var reiknuð út hagkvæmnilína sem byggir á rauntölum ársins 2019-2021, grunnur 2022. Þetta er sama aðferðarfræði og er notuð í grunnskólalíkani.
- Innri leigu, veitum og ræstingu var haldið aðgreindu.
- Tekjur miðast við rauntekjur frá árinu áður og skiptast í vistunartekjur og matartekjur.
- Hráefniskostnaður tekur mið af einingarkostnaði við aðkeyptan mat. Í líkaninu er gert ráð fyrir stöðugildi matráðs á alla leikskóla í gegnum launin sem er svo dregin frá í gegnum hráefniskostnað og skilar þannig nettó upphæð í hráefniskostnaði.
- Í fyrsta skipti er gert ráð fyrir matarkostnaði vegna starfsfólks á leikskólanum.







Hreinn rekstrarkostnaður

- Sá rekstrarkostnaður sem tekur mið af hagkvæmnilínunni er nefndur hreinn rekstrarkostnaður þ.e. annar rekstrarkostnaður **án matarkostnaðar, innri leigu, veitna og tekna.**
- Tekið er tillit til leikskóla sem liggja langt frá öðrum leikskólum vegna sérstakra aðstæðna.
- Hagkvæmnilína endurspeglar stærðarhagkvæmni og er hreinn rekstrarkostnaður á barn reiknaður með eftirfarandi formúlu:

Hreinn rekstrarkostnaður á barn = $191.545 - 253 \cdot \text{barnafjöldi}$

Dæmi: Hreinn rekstrarkostnaður á barn um 179 þ. fyrir 50 barna leikskóla en 164 þ. fyrir 110 barna leikskóla.





Heildaráhrif á fjárheimildir leikskóla

▪ Rammi leikskóla 2024	18.575.860
▪ Hækkun á innri leigu	302.697
▪ Magn- og verðlagsbreytingar	<u>1.274.567</u>
▪ Rammi 2025 án viðbóta Snorra	20.153.124
• Frumvarp ramma 2025:	20.153.124
• Stjórnunarhlutfall aðst. stj.	189m
• Sérkennsla	438m
• Börn af erl. uppruna/snemmt íhlutun	132m
• Langtímaveikindi	152m
• Annar rekstrarkostnaður	432m
• Aðrar leiðr. og aðlaganir á líkani	395m
• Viðbót vegna nýs líkans	<u>1.738.011</u>
• Tillaga að ramma 2025:	21.891.135
• Heildarhækkun ramma frá 2024:	3.315.275 eða 17,9%
• Hækkun frá frumvarpi 2025	1.738.011 eða 8,6%



Þökkum áheyrnina